

Nýr bannlisti 2010, helstu breytingar

1. janúar 2010 tók gild nýr bannlisti WADA. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Bætt við fleiri örvandi efnum.
2. Ekki þarf lengur undanþágu fyrir salbutamoli og salmeteroli (innöndunarastmalyf) heldur eingöngu yfirlýsingu um notkun (mælum áfram með að bestu klínisku starfsvenjum sé fylgt við greiningu á astma).
3. Hámarkskammtur er settur á fyrir notkun á salbutamoli til innöndunar, eða 1600 µg/24klst. Leikmenn verða að passa að taka ekki meira en þetta á sólarhring því oft skrifa læknar „2 sog/sprey eftir þörfum“ á lyfin.
4. Styrkur pseudoephedrine í þvagi má ekki fara yfir 150µg/ml (ath er í lyfjum sem seld eru með og án lyfseðils og notuð við kvefi, nefstíflu osfrv., til dæmis sudafed frá USA, clarinase ÍSL). Styrkur getur farið yfir leyfileg mörk við venjulega skammta. Síðustu 24 klst fyrir keppni eiga leikmenn alls ekki að taka pseudoephedrine.
5. Notkun á platelet derived preparations (td. platelet-rich plasma, blood spinning, blóð leikmanns spunnið niður og gefið til að flýta fyrir bata á meiðslum). Leyfilegt nema ef gefið í vöðva. Þarf samt yfirlýsingu um notkun.